

LÖG

um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum fyrir-tækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrissjóðurinn taki við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 1. mgr.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem af-gangs verða. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki reiknuð í stig, sbr. 4. mgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrir, sem úrskurðaður hefur verið skv. 10., 11., 12. og 13. gr., skal taka sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar sú sem Hagstofa Íslands birtir samkvæmt lögum nr. 12/1995, með síðari breytingum.

Verði gerð breyting á grundvelli eða á útreikningi neysluverðsvísitölunnar skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða með hvaða hætti lífeyrir samkvæmt fyrir-nefndum greinum skuli verðtryggður þaðan í frá.

5. gr.

Síðari málsliður 16. gr. laganna orðast svo: Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf fyrir allt að 100 millj. kr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

2. desember 1996

Nr. 129

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 2. desember 1996.

Friðrik Sophusson.

Kristján Andri Stefánsson.

2. desember 1996

Nr. 130

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 2. desember 1996.

F. h. r.

Kristján Andri Stefánsson.